

Fundur 3.2.2020. Mahatma Gandhi.

Komið þið sælir,

Já kom þú sæll.

Kemur það mér á óvart að tala til ykkar ofan af fjalli. Og á ég því ekki að venjast að tala frá slíkum vistaverum.

En nýt ég þó þeirra stórkostlegu möguleika náttúrunnar á þessum hnetti, eins og aðrir.

Að geta nýtt mér þau tækifæri að tengjast ekki bara við tilverusvið þar sem menn og konur trú á andasvið.

Heldur lifandi líkami og manneskur á öðrum hnetti.

Þar sem vísindaleg hugsun hefur komist á það stig, að viðurkenna ekki lengur anda og sálir.

Heldur möguleika, til þess að byggja við efnisheiminn á grundvelli fornra fræða margra þjóða.

Hef ég að vísu ekki yfirgefið þann mikla bókmennta arf og menningar arf sem þjóð mín byggir á.

Heldur höfum við á þessum hnetti bætt við þann arf og aðlagð hann vísindalegri þekkingu um lífið eftir dauðann og möguleika mannskepnunar til að færa sér náttúruna í nýt.

Hefur mér ævinlega þótt það heiður að tala til hinna fjölmörgu íbúa jarðanna og jafnvel þá sem telja okkur búa í nokkurs konar andasviði, en.

Hefur þú komið áður hingað?

Já, en búið þið svo vel, að hinn íslenski vísindamaður sem þið miðið ykkar kenningar við, var sá fyrsti á jörðinni sem uppgötvaði leyndardóma framhalds lífsins, þótt hann hafi ekki notið alþjóða hylli enn á ykkar hnetti.

Já, ég hef komið áður, eru það um það bil 10 ár síðan ég talaði síðast til ykkar. Og höldum við ráðstefnur og tölum til frumlífsmannkynja, eins og til þess mannkyns sem ég tilheyrði er ég fór frá jörðunni ykkar. Og eins til annarra framlífsmannkynja eins og ég tilheyri nú.

Líður mér vel á mínum hnetti og segja má að einungis fólk af minni fjölmennu þjóð sé hér statt, og,

Hvaða bókmenntaþjóð var það?

Indverjar.

Er þetta Gandi?

Já, Mahatma Gandhi,

Já, þú hefur komið áður. Velkominn.

Já.

Þú hefur nokkrum sinnum talaði til okkar.

Já, þakka ég fyrir góðar móttökur. Vildi ég tala um kærleikann og ýmislegt honum tengt.

Eru hér hindúar í miklum meiri hluta og síðan eru fjölmargir, um það bil 40% hnattarins, frumbyggjar.

Þeir sem voru hér áður og höfðu nýtt sér þennan hnött um ár hundruð á undan og eru það forfeður okkar Ariarnir sem þangað komu og Dravíðar og ýmsir aðrir.

Og reistu þeir þessar sambandsstöðvar og höfðum við ekki skilið fræði þeirra til fulls og var okkur ýmislegt um það kennt þegar við komum hingað.

Stórkostlegt er það, jafnvel þótt þjóð mín eigi sér ótrúlegan aragrúa af guðum til að trúa á.

Þá eru þeir hér ennþá fleiri og nokkrir þeirra bera svipuð nöfn og ykkar fornu guðir og er þar ekki alltaf fullt samræmi í því hverskonar mátt þeir hafa.

Og hvort nöfn þeirra séu í samræmi við ykkar fornu guði.

En eru hér miklir fræðimenn að störfum á okkar hnetti. Og hafa þeir ritað miklar fræðibækur um þetta efni. Og eru rannsóknir þeirra komnar svo langt á veg að þeir hafa vinsað úr öllum þessum aragrúa guða og gyðja.

Nokkur megin goð og goðmögn sem þeir telja að komi úr vissum goðafjölskyldum annarra hnatta.

Og hefur þar verið mikill stuðningur að samböndum þeim, sem komið hafa í gegn í stjórnusambandsstöðvum okkar hnattar.

Vil ég ekki tala of lengi að þessu sinni en,

Hafið þið í gegnum tíðina sent aðstoð og upplýsingar til fólks frá Indlandi?

Já.

Til dæmis í sambandi við stærðfræði?

Já, já já, sérstaklega þeir sem voru hér á undan mér, þessir fornu íbúar hnattarins sem höfðu langan tíma til að bæta sína menningu og hafa reynt að senda aðstoð Indverjum og jafnvel öðrum þjóðum.

Við erum nú mikið í því að reyna að senda frið og kærleika og fullkomna okkur sjálf í þeim efnum og bæta.

Ég kem ekki alveg að megin erindi mínu hér í kvöld, en ég mun reyna að koma með það síðar.

Endilega, vertu velkominn.

Getur þú sagt okkur á hvaða sviði það er.

Já, það er, á andlegu máli, er það kallað að jafna bylgjurnar í andaheiminum, en þau hugtök eru ekki nógu nákvæm.

Ég á við það, að auka samheldni mannkynsins og senda kærleika til ykkar, svo betur gangi að taka á móti kærleiks straumum.

Þið náðið því núna?

Ég, það vantar,

Að stilla svo hugaflíð?

Já, það vantar að aðrar þjóðir, að við náum betra sambandi við aðrar þjóðir á grundvelli kærleikans.

Burtséð frá trúarbrögðum og munum við vinna að því að koma á því sambandi enn frekar ásamt öðrum og viljum gjarnan koma í samband ykkar síðar þegar við getum haft meira að segja.

En hér þætti mér gaman að lýsa æfi minni á þessum hnetti og eitt af því sem ekki allir vita um mig, er að ég er þjóðfrelsis sinni.

Og tel ég þjóðum vegna betur sjálfsstæðir eins og ég vann að sjálfstæðisbaráttu minnar þjóðar á meðan ég var lifandi meðal ykkar.

Og fagna ég þjóðfrelsisbaráttu minnar gömlu nýlendu þjóðar Bretlands.

Ég ætlaði einmitt að spyrja þig hvort þú styddir þá ekki?

Já, það var eitt af því sem magnaði mig til sambandsins hér í kvöld.

Já.

En vil ég gjarnan koma síðar, þegar ég get útskýrt hitt atriðið nánar, Þakka ég fyrir góðar móttökur og óska ykkur alls hins besta og munum við halda áfram að,

Má ég spurja þig að einu?

Fylgjast með ykkur, já.

Hvernig hugsist til Bretanna, gömlu nýlenduþjóðarinnar, í dag?

Við hugsum til þeirra af fullum kærleika og,

Þeir fóru nú mjög illa með ykkur?

Já, á þessum hnetti eru vissulega ekki allir sammála, en þeir sem losna ekki undan neikvæðum tilfinningum, sköpuðu sér tilveru í myrkari bústöðum geimsins.

En það er rétt að ekki eru allir hér sammála og deilum við á heilbrigðan hátt en,

Þú kunnir að fyrirgefa?

Já, og segja má að það sé, við deilum frekar um litlu málin sem eiga sér stað meðal Breta og annara þjóða. En það er hér vissulega margir sem hafa vorkennt þeim mikið og talið að þeir væru á rangri braut.

En sá hugur sem nefndur er hefndarhugur og heiftarhugur hefur ekki annað upp á sig, en safna að sér áhrifum frá myrkari stöðum geimsins.

Og er það ákveðið lögmál geimsins og lífsins, að þar sem vel stefnir, þar á fólk miklu auðveldara með að fyrirgefa og ja víkja burt af slíkum hringferli og inn á hringferil jákvæðra hugsana, kærleika og fyrirgefningar.

En vissulega kemur það fyrir að fólk verði fyrir slíkum áhrifum, og segjum við stundum að þar hafi helstefnufólkið smitað náungann eða skotið hann með örvum eða eitthvað slíkt.

Það er eins og það gerist enn að einstaklingar geti horfið niður í slíkt. Og þess eru jafnvel dæmi að nokkrir hafa horfið burt af okkar hnetti yfir á myrkari hnetti, vegna þess að þeim hefur ekki verið unnt að bjarga.

En það er sjaldgæft en það kemur fyrir, að þeir sem koma hingað frá frumlífsjörðum séu á mörkum þess að fara yfir á helstefnuhnetti og er því hætta nokkur í upphafi.

En sjaldgæfara er að fólk taki upp á því að hella sér niður slíka neikvæðni sem hefur verið hér lengur.

En ýmis furðuleg dæmi eru þó til.

En í sambandi spurningu þína um Bretana, vil ég taka það fram, að okkur er kennt það í Yoga og Yin kennslustundum, að það sé hluti af hvatahuganum.

Að vilja skara eld að sinni köku og vilja sinni þjóð hið besta.

Eins og Bretar gerðu þegar við lenntum undir þeirra yfirráðum.

Þannig má segja að þeir hafi lennt undir yfirráðum Evrópu og þá hafi dæmið snúist við.

Ég verð nú að hætta að sinni, það eru fleiri sem bíða.

Já, þakka þér kærlega fyrir.

Verið þið sælir.

Þakka þér fyrir og vertu velkominn aftur.

Þakka ég fyrir, verið þið sælir.

Blessaður.